

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B108-110

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 108-110

Nr. 820-833

2005

Efnisyfirlit B 108–110 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
820	6. sept.	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1741
821	6. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi	1741-1742
822	12. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarsvæði á Hvaleyrarholti	1743
823	7. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Reykjavíkurveg, Reykjavíkurvegur nr. 74, Hafnarfirði	1744
824	5. sept.	Reglugerð um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip	1744-1756
825	7. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Súgandafirði, Ísafjarðarb 276 ..	1756
826	6. sept.	Reglur um framkvæmd hljóðritana og upptöku lögregluyfirheyrslna	1757-1759
827	31. ágúst	Auglýsing um breytingu deiliskipulags í landi Bjartheyjar-sands, Hvalfjarðarstrandarhreppi	1760
828	6. sept.	Reglugerð um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni	1760-1763
829	12. sept.	Reglugerð um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu	1764-1806
830	22. ágúst	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Styrktarsjóður Sólvangs	1807-1809
831	11. sept.	Auglýsing um deiliskipulag 6. og 7. áfanga, í landi Vatns-enda, Skorradalshreppi	1809
832	1. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Grýtubakkahreppi	1810
833	2. sept.	Skipulagsskrá fyrir ABC barnahjálp	1810-1812

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2005

6. september 2005

1741

Nr. 820

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blómkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.1000	Blómkál	12.09. - 30.09.05	ótilgr.	0	88

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. september 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

6. september 2005

Nr. 821

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er togbátum, sem taka poka vörpunnar inn á síðunni og togbátum sem eru 29 metrar að mestu

lengd eða styttri, heimilt að stunda veiðar með fiskibotnvörpu á svæðinu, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 885, 8. nóvember 2004, um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. september 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Guðný Steina Pétursdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 2005

12. september 2005

1743

Nr. 822

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarsvæði á Hvaleyrarholti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að hluti iðnaðarsvæðis (olíubirgðastöð) milli Hvaleyrarbrautar, iðnaðarlóða við Brekkutröð og íbúðarlóða við Hólabraut, Vallarbraut og Suðurbraut breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. september 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2005

Nr. 823

1744

7. september 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Reykjavíkurveg, Reykjavíkurvegur nr. 74, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Reykjavíkurveg, Reykjavíkurveg 74 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að afmörkun byggingarreits fyrir viðbyggingu á lóðinni er breytt, að öðru leyti gilda áfram sömu skilmálar. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 7. september 2005.

Gunnhildur Gunnarsdóttir arkitekt.

Nr. 824

5. september 2005

REGLUGERÐ

um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegum áhrifum á umhverfi og heilsu manna af völdum skaðlegra gróðurhindrandi efna og búnaðar sem notuð eru á skip og til að innleiða reglugerð (EB) nr. 782/2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um íslensk skip og önnur skip sem koma til hafnar á Íslandi að undanskildum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta, sbr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 782/2003 í fylgiskjali. Reglugerðin gildir einnig um fasta eða fljótandi palla, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði sem staðsettir eru innan mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Notkun lífrænna tinsambanda sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum eða búnaði er bönnuð, eins og nánar er kveðið á um í fylgiskjali við reglugerð þessa.

4. gr.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar. Umhverfisstofnun er viðurkennd stofnun hvað varðar framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 782/2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

Siglingastofnun Íslands er viðurkennd stofnun hvað varðar framkvæmd eftirlits með skipum og búnaði skipa, sbr. lög um eftirlit með skipum.

5. gr.

Umhverfisstofnun, eða aðilar sem Umhverfisstofnun felur að sjá um ákveðin atriði eftirlits sem fellur undir þessa reglugerð, hafa eftirlit með reglugerð þessari.

Siglingastofnun Íslands er eftirlitsaðili með búnaði og gerð skipa, eða aðili sem Siglingastofnun felur að sjá um ákveðin atriði eftirlitsins.

Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska þess eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um gróðurhindrandi efni eða búnað í skipinu, í samræmi við ákvæði í fylgiskjali við reglugerð þessa.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd reglugerðarinnar.

6. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði, farbönn og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, ásamt síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip, sem vísað er til í tl. 56p, V. kafla, XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2003, þann 8. nóvember 2003 sem birt var í EES-viðbæti nr. 7, 12. febrúar 2004, skal öðlast gildi hér á landi sem hluti af reglugerð þessari, og er birt sem fylgiskjal við reglugerðina.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt v-lið 6. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, ásamt síðari breytingum, sbr. og 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, að höfðu samráði við samgönguráðuneytið hvað varðar þátt Siglingastofnunar Íslands.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisaráðuneytinu, 5. september 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 782/2003**

frá 14. apríl 2003

um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálan ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bandalagið hefur miklar áhyggjur af því að lífræn tinsambönd, sem eru notuð sem gróðurhindrandi efni og búnaður á skip, hafi skaðleg áhrif á umhverfið, einkum tríbútyltinhúðunarefni (TBT).
- 2) Hinn 5. október 2001 var haldin ráðstefna stjórnarereindreka á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), að viðstöddum aðildarríkjum Bandalagsins, þar sem samþykktur var alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum á skipum (AFS-samningurinn).
- 3) AFS-samningurinn er rammisamningur sem veitir möguleika á að leggja bann við að nota skaðleg, gróðurhindrandi efni og búnað á skip í samræmi við vel skilgreindar reglur og að teknu tilhlýðilegu tilliti til varúðarreglunnar í Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun.
- 4) Á þessu stigi er einungis bannað að húða skip með lífrænum tinsamböndum samkvæmt AFS-samningnum.
- 5) Tilteknir gildistöku dagar hafa verið settir í AFS-samninginn: 1. janúar 2003 verður bannað að nota lífræn tinsambönd á skip og 1. janúar 2008 skal vera búið að fjarlægja öll lífræn tinsambönd af skipum.

6) AFS-samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en tólf mánuðum eftir að a.m.k. 25 ríki, sem ráða yfir a.m.k. 25% af skipastóli heimsins miðað við tonnatölu, hafa fullgilt hann.

7) Aðildarríkjunum ber að fullgilda AFS-samninginn eins fljótt og auðið er.

8) Skapa ber aðildarríkjunum bestu aðstæður sem völ er á til að unnt sé að hraða fullgildingu AFS-samningsins. Því ber að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem gætu komið í veg fyrir fullgildingu.

9) Fulltrúar á AFS-ráðstefnunni, sem gerðu sér grein fyrir því að tíminn fram að 1. janúar 2003 gæti verið of knappur fyrir gildistöku AFS-samningsins og vildu tryggja að hætt yrði að nota lífræn tinsambönd á skip frá og með 1. janúar 2003, fóru þess á leit, í ályktun sinni nr. 1, að aðildarríki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að undirbúa framkvæmd AFS-samningsins eins fljótt og auðið væri og hvöttu viðkomandi atvinnugreinar til að hætta að markaðssetja, selja og nota lífræn tinsambönd fyrir þann dag.

10) Framkvæmdastjórnin samþykkti, í beinu framhaldi af AFS-ráðstefnunni, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/62/EB frá 9. júlí 2002 um niundu aðlögun að tækniframförum á 1. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (lífræn tinsambönd) ⁽⁴⁾, í því skyni að banna, frá og með 1. janúar 2003, markaðssetningu og notkun lífrænna tinsambönda í gróðurhindrandi efni og búnað fyrir öll skip, án tillits til lengdar þeirra.

⁽¹⁾ Stjótið. EB C 262 E, 29.10.2002, bls. 492.

⁽²⁾ Álit var skilað 11. desember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðindum EB).

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 17. mars 2003.

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 58.

- 11) Í ljósi ályktunar nr. 1 frá AFS-ráðstefnunni er þörf á frekari aðgerðum áður en gripið er til ráðstafana um lífræn tinsambönd til að tryggja að almennt bann gildi um húðun skipa með tríbútyltini í öllu Bandalaginu og hafsvæðinu umhverfis það á þeim dögum sem kveðið er á um í AFS-samningnum.
- 12) Reglugerð er viðeigandi löggerningur þar eð þar eru settar fram, milliliðalaust og innan skamms tíma, nákvæmar kröfur sem útgerðir og aðildarríkin eiga að uppfylla, samtímis og á sama hátt, í öllu Bandalaginu. Tilgangurinn með þessari reglugerð er eingöngu að leggja bann við notkun lífrænna tinsambanda og skal hún ekki vera endurtekning á AFS-samningnum.
- 13) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á takmarkanir á markaðssetningu og notkun tiltekinna, skaðlegra efna og efnablandna (lífrænna tinsambanda) eins og mælt er fyrir um í tilskipun 76/769/EBE⁽¹⁾.
- 14) Ekki má vera óvissa um það hvort algert bann sé við húðun með virkum tríbútyltinefnum á vettvangi Bandalagsins. Aðilum á sviði sjóflutninga um allan heim, sem þurfa að skipuleggja viðhald skipa sinna, skal tilkynnt á skýran hátt og í tæka tíð að skip, sem hafa verið húðuð með virku tríbútyltini, fái ekki aðgang að höfnum Bandalagsins frá og með 1. janúar 2008.
- 15) Þriðju lönd geta, einkum ef þau geta ekki nýtt sér þann ávinning sem fæst með yfirþjóðlegum reglugerðum af lagatæknilegum orsökum, lent í erfiðleikum við að setja eigin lög um bann við því að húða eigin skip með tríbútyltini, frá þeim degi sem bannið öðlast gildi samkvæmt þessari reglugerð. Bannið í þessari reglugerð gegn því að húða skip, sem sigla undir fána þriðja ríkis, með tríbútyltini tekur því ekki gildi fyrr en að loknu aðlögunartímabili sem hefst 1. júlí 2003 og lýkur á gildistökukegi AFS-samningsins.
- 16) Fánaríki, sem hafa bannað að húða skip sín með tríbútyltini, hafa efnahagslegan ávinning af því að tryggja að AFS-samningurinn öðlist gildi eins fljótt og auðið er til að skapa jöfn skilyrði hvar sem er í heiminum. Þessi reglugerð ætti að vera hvatning fyrir fánaríki til að fullgilda AFS-samninginn þar sem í henni er bannað, eins fljótt og kostur er, að húða skip, sem sigla undir fána aðildarríkis, með tríbútyltini.
- 17) Skilgreiningar, sem eru notaðar í þessari reglugerð og ákvæði sem þar eru sett, ættu, eftir fongum, að byggjast á skilgreiningum og ákvæðum AFS-samningsins.
- 18) Þessi reglugerð skal einnig gilda um skip, sem eru starfrækt í umboði aðildarríkis, til að tryggja að henni sé beitt gagnvart pöllum á sjó. Hún ætti hvorki að gilda um herskip né önnur ríkisskip þar sem meðferð þessara skipa er gerð nægileg skil í AFS-samningnum.
- 19) Bann við því að húða öll skip, sem eiga rétt á að sigla undir fána aðildarríkis, með virku tríbútyltini og þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður hafa verið notuð, þeim breytt eða skipt um þau, sem gildir frá og með 1. júlí 2003, ætti að vera hvatning fyrir aðila á sviði sjóflutninga til að koma í framkvæmd tilmælunum í ályktun AFS-ráðstefnunar nr. 1.
- 20) Heppilegt er að koma á sama kerfi við skoðun og skirteinisútgáfu og kveðið er á um í AFS-samningnum. Samkvæmt þessari reglugerð ber að skoða öll skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, óháð því hvers eðlis sjóferðin er, en skip sem eru 24 metrar á lengd eða lengri, en undir 400 brúttótonnum, þurfa einungis að hafa meðferðis yfirlýsingu um að þau uppfylli kröfur þessarar reglugerðar eða AFS-samningsins. Bandalagið skal hafa rétt til að koma á samræmdu skoðunarkerfi fyrir þessi skip ef það reynist nauðsynlegt síðar meir.
- 21) Hvorki er þörf á sérstakri skoðun né yfirlýsingu þegar um er að ræða skip sem eru styttri en 24 metrar þar sem þessum skipum, einkum skemmtibátum og fiskiskipum, eru gerð nægileg skil í ákvæðum tilskipunar 76/769/EBE.
- 22) Viðurkenna ber skirteini og skjöl sem eru gefin út í samræmi við þessa reglugerð, auk AFS-skirteina og AFS-yfirlýsinga sem aðilar að AFS-samningnum gefa út.
- 23) Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 er framkvæmdastjórninni heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir sem gera skipum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, kleift að sýna fram á að þau uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, sem og ráðstafanir til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða.

(¹) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/3/EB (Stjtið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 12).

- 24) Fyrirkomulagið, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarrikisefirlit), að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna⁽¹⁾ er heppilegast til að hafa eftirlit með framkvæmd banns við því að húða skip með tribútyltini og kröfum AFS-samningsins og skulu gerðar breytingar á þessari tilskipun þegar hentugt þykir. Með hliðsjón af sérstöku gildissviði þeirrar tilskipunar skulu sambærileg ákvæði gilda um skip sem sigla undir fána aðildarríkis á aðlögunartímabilinu.
- 25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾.
- 26) Framkvæmdastjórnin skal greina Evrópuþinginu og ráðinu frá því hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst og leggja til, ef nauðsyn krefur, að gerðar verði aðrar, viðeigandi breytingar á reglugerðinni.
- 27) Gildistaka þessarar reglugerðar skal vera með þeim hætti að unnt sé að leggja skilvirkt bann við notkun lífræna tinsambanda á skip eins fljótt og auðið er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að draga úr eða útiloka óæskileg áhrif á umhverfi sjávar og heilsu manna frá lífrænum tinsamböndum sem gegna hlutverki virkra sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og búnaði sem notuð eru á skip, sem sigla undir fána aðildarríkis eða eru starfrækt í umboði þess, og á skip, sem sigla til eða frá höfnum aðildarríkjanna, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Gróðurhindrandi efni og búnaður“: húðunarefni, málning, efni til yfirborðsmeðferðar, yfirborð eða búnaður, notað á skip til að takmarka eða koma í veg fyrir vöxt óæskilegra lífvera.
2. „Brúttótonnatala“: brúttótonnatala sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í I. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða síðari samninga sem kunna að hafa komið í stað hans.
3. „Lengd“: lengd eins og hún er skilgreind í alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa frá 1966, eins og henni var breytt með bókun frá 1988 þar að lútandi eða í síðari samþykktum sem kunna að hafa komið í stað hennar.
4. „Skip“: skip, af hvaða gerð sem vera skal, sem er starfrækt í sjávarumhverfi, þ.m.t. spaðabátar, svífnökkvar, sökkvanleg för, fljótandi för, fastir og fljótandi pallar, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði.
5. „AFS-samningur“: alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og búnaði á skipum, samþykktur 5. október 2001, án tillits til þess hvenær hann öðlast gildi.
6. „Viðurkennd stofnun“: aðili sem hefur verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda⁽³⁾.
7. „AFS-skirteini“: skirteini sem er gefið út fyrir skip í samræmi við ákvæði 4. viðauka við AFS-samninginn eða, á tilteknu aðlögunartímabili, skirteini sem er gefið út í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð þegar stjórnvald í einhverju aðildarríki, eða viðurkennd stofnun í umboði þess, gefur það út.
8. „AFS-yfirlýsing“: yfirlýsing sem er samin samkvæmt ákvæðum 4. viðauka við AFS-samninginn eða, á aðlögunartímabilinu, yfirlýsing undirrituð af eigandanum eða viðurkenndum umboðsmanni hans og samin í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð.
9. „AFS-samræmisyfirlýsing“: skjal þar sem staðfest er að uppfylltar séu kröfur I. viðauka við AFS-samninginn sem viðurkennd stofnun í umboði stjórnvalds aðildarríkis gefur út.
10. „Aðlögunartímabil“: tímabil sem hefst 1. júlí 2003 og lýkur á gildistökudegi AFS-samningsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) skip sem sigla undir fána aðildarríkis,
- b) skip sem sigla ekki undir fána aðildarríkis en eru starfrækt í umboði aðildarríkis og
- c) skip sem koma til hafnar eða endastöðvar undan strönd aðildarríkis en falla ekki undir a- eða b-lið.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekin skip, sem eru um stundarsakir einungis nýtt í þágu hins opinbera til annarra nota en í atvinnuskyni.

4. gr.

Bann við notkun lifrænna tinsambanda sem gegna hlutverki sæfiefna

Frá og með 1. júlí 2003 má ekki nota eða endurnota lifræn tinsambönd sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnun og búnaði á skipum.

Á aðlögunartímabilinu skulu þessi ákvæði þó einungis gilda um skip sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

Bann við því að skip séu húðuð með lifrænum tinsamböndum sem gegna hlutverki sæfiefna

1. Skip, sem hafa rétt til að sigla undir fána aðildarríkis frá og með 1. júlí 2003 og þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður hafa verið notuð, þeim breytt eða skipt um þau eftir þann dag, skulu ekki hafa lifræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnun og búnaði, á bol sínum, ytri hlutum eða yfirborði nema á þeim sé húð sem hindrar að slík efnasambönd berist frá undirliggjandi, gróðurhindrandi efni og búnaði sem uppfylla ekki settar kröfur.

2. Frá og með 1. janúar 2008 skulu lifræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnun og búnaði, ekki vera til staðar á bolum, ytri hlutum eða yfirborði skipa, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., eða skipin skulu hafa húð sem hindrar að slík efnasambönd berist frá undirliggjandi, gróðurhindrandi efni og búnaði sem uppfylla ekki settar kröfur.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um fasta og fljótandi palla, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði sem eru smíðaðar fyrir 1. júlí og hafa ekki verið í þurrkvi á þeim degi eða síðar.

6. gr.

Skoðun og skirteinisútgáfa

1. Eftirfarandi skal gilda um skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar skip sem sigla undir fána aðildarríkis:

- a) frá og með 1. júlí 2003 skal lokið við að skoða og gefa út skirteini fyrir skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, að undanskildum föstum eða fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka, áður en skipið er tekið í notkun í fyrsta sinn eða þegar gróðurhindrandi efnun og búnaði hefur verið breytt eða skipt hefur verið um þau,
- b) skip sem eru 24 metrar á lengd eða lengri en undir 400 brúttótonnum að stærð, að undanskildum föstum eða fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, skulu hafa meðferðis AFS-yfirlýsingu til að sýna fram á að þau uppfylli kröfur 4. og 5. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., að taka upp samræmt kerfi fyrir skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar þessi skip,

- c) aðildarríkjum er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi skip sem falla ekki undir a- og b-lið til að tryggja samræmi við þessa reglugerð.

2. Eftirfarandi skal gilda að því er varðar viðurkenningu skirteina, yfirlýsingar og samræmisyfirlýsingar:

- a) aðildarríki skulu viðurkenna öll AFS-skirteini frá og með 1. júlí 2003,
- b) aðildarríkin skulu viðurkenna allar AFS-samræmisyfirlýsingar innan árs frá þeim degi sem um getur í a-lið,
- c) aðildarríki skulu viðurkenna allar AFS-yfirlýsingar frá og með 1. júlí 2003.

Þessum yfirlýsingum skulu fylgja viðeigandi gögn (eins og kvittun fyrir málningu eða reikningur frá verktaka) eða á þeim vera viðeigandi áritun.

3. Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., samþykka viðeigandi ráðstafanir til að gera skipum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, kleift að sýna fram á að þau uppfylli kröfur 5. gr.

7. gr.

Hafnarríkiseftirlit

Á aðlögunartímabilinu skulu aðildarríkin beita eftirlitsákvæðum, sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/21/EB, gagnvart skipum sem eru 400 brúttótönn að stærð eða stærri og sigla undir fána aðildarríkis. Að því er varðar skoðun og uppgötvun brota skulu aðildarríkin fylgja ákvæðum 11. gr. AFS-samningsins.

Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., samþykkja viðeigandi málsmeðferð fyrir þetta eftirlit.

8. gr.

Aðlögun

Heimilt er að breyta tilvísunum í AFS-samninginn, AFS-skírteinið, AFS-yfirlýsinguna og AFS-samræmisyfirlýsinguna og/eða viðaukana við þessa reglugerð, þ.m.t. viðeigandi viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að því er varðar 11. gr. AFS-samningsins, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. til að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og einkum innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eða til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar á grundvelli fenginnar reynslu.

9. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 14. apríl 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ⁽¹⁾ hér á eftir nefnd COSS-nefndin.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjár mánuðir.

3. COSS-nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

Mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 10. maí 2004, greina Evrópuþinginu og ráðinu frá stöðu fullgildingar AFS-samningsins og veita upplýsingar um að hve miklu leyti lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnun og búnaði á skipum, séu enn notuð á skip sem sigla ekki undir fána aðildarríkis og eru í ferðum til og frá höfnum Bandalagsins. Í ljósi þessarar skýrslu er framkvæmdastjórninni heimilt, ef þörf krefur, að leggja til breytingar til að tryggja að sífellt hraðar dragi úr losun skaðlegra, gróðurhindrandi efnasambanda í hafði í lögsögu aðildarríkjanna frá skipum sem sigla ekki undir fána aðildarríkis.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd ráðsins,

A. GIANNITSIS

forseti.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu að því er varðar gróðurhindrandi efni og búnað á skipum sem sigla undir fána aðildarríkis**1. Skoðun**

- 1.1. Skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, að undanskildum föstum og fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, skulu, frá og með 1. júlí 2003, sæta eftirfarandi:
 - a) frumskoðun áður en skipið er tekið í notkun eða þegar skipið er í þurrkvi í fyrsta skipti til að nota gróðurhindrandi efni og búnað á það, og
 - b) skoðun þegar gróðurhindrandi efnun og búnaði er breytt eða skipt um þau. Tilgreina skal um slíka skoðun í skírteininu sem krafist er samkvæmt lið 2.1.
- 1.2. Standa skal þannig að skoðuninni að tryggt sé að gróðurhindrandi efni og búnaður á skipi uppfylli að öllu leyti ákvæði 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.
- 1.3. Skoðun skal framkvæmd af starfsmönnum sem hafa fullt umboð til þess frá stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki eða öðru aðildarríki eða frá aðilum að AFS-samningnum eða skoðunarmanni, sem er tilnefndur í þessu skyni af þessum stjórnvöldum, eða frá viðurkenndum stofnunum sem starfa í umboði stjórnvaldsins.
- 1.4. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skoðun sem um getur í lið 1.1, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við AFS-samninginn, sem og viðmiðunarreglur fyrir skoðun og skírteinisútgáfu, að því er varðar gróðurhindrandi efni og búnað á skipum, sem fylgja með í viðauka við ályktun MEPC 101 (48) sem sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 11. október 2002, nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

2. Skírteinisútgáfa

- 2.1. Þegar skoðuninni, sem um getur í a- eða b-lið liðar 1.1, er lokið skal aðildarríki, sem er ekki enn aðili að AFS-samningnum, gefa út skírteini í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Aðildarríki, sem er aðili að AFS-samningnum, skal gefa út AFS-skírteini.
 - 2.2. Aðildarríki er heimilt að stýðjast við AFS-samræmisýfirlýsingu til að sýna fram á að farið sé að kröfum 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar. Skírteini, sem um getur í lið 2.1, skal koma í stað þessarar AFS-samræmisýfirlýsingar í síðasta lagi innan árs frá þeim degi sem um getur í lið 1.1.
 - 2.3. Aðildarríki skulu krefjast þess að skip, sem um getur í lið 1.1, hafi meðferðis skírteini sem er gefið út í samræmi við lið 2.1.
 - 2.4. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skírteinisútgáfu sem um getur í lið 2.1, uppfylla kröfum sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við AFS-samninginn.
-

II. VIÐAUKI

Eyðublöð fyrir skírteini og skýrsla um gróðurhindrandi efni og búnað

Alþjóðlega skírteinið og skýrslan um gróðurhindrandi efni og búnað skulu vera á því formi sem sýnt er hér á eftir.

Þegar þessi eyðublöð eru einungis notuð fyrir skip, sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn, er heimilt að strika út tilvísanir í AFS-samninginn.

ALÞJÓÐLEGT SKÍRTEINI FYRIR GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG BÚNAÐ

(Þessu skírteini skal fylgja skýrsla um gróðurhindrandi efni og búnað)

(*Opinbert innsigli*) (*Ríki*)

Útgefið samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og búnaði á skipum] ⁽¹⁾ reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn únsambönd á skip.

Í umboði ríkisstjórnar

(*heiti ríkis*)

af

.....
(*viðurkenndum einstaklingi eða stofnun*)

Þetta skírteini kemur í stað skírteinis sem þegar hefur verið gefið út

Upplýsingar um skip ⁽²⁾:

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Brúttótonnatala:

IMO-númer ⁽³⁾:

Þetta skip hefur ekki verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] ⁽¹⁾ reglugerð (EB) nr. 782/2003, hvorki á smíðatíma sínum né síðar

Þetta skip hefur verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] ⁽¹⁾ reglugerð (EB) nr. 782/2003, en það hefur verið fjarlægt af (heiti starfsstöðvarinnar) (dags.)

Þetta skip hefur áður verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] ⁽¹⁾ reglugerð (EB) nr. 782/2003 en hefur verið meðhöndlað með þéttihúðun af (heiti starfsstöðvarinnar) (dags.)

Þetta skip hefur verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauki við samninginn og] ⁽¹⁾ reglugerð (EB) nr. 782/2003, fyrir 1. janúar 2003 en fjarlægja skal það eða meðhöndla skipið með þéttihúðun fyrir 1. janúar 2008

⁽¹⁾ Má strika út þegar um er að ræða skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

⁽²⁾ Einnig má koma upplýsingum um skipið fyrir lárétt í reitum.

⁽³⁾ Í samræmi við kerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir auðkennisnúmer skipa.

ÞAD VOTTAST HÉR MED:

1. að skipið hefur verið skoðað í samræmi við [1. reglu 4. viðauka við samninginn og] ⁽¹⁾ reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip
2. að skoðunin hefur leitt í ljós að gróðurhindrandi efni og búnaður á skipinu uppfylla gildandi kröfur skv. [1. viðauka við samninginn og] ⁽¹⁾ reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

Gefið út:

(Útgáfustaður skirteinis)

.....

(Útgáfudagur)

(Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skirteinið út)

Lokadagur skoðunar sem skirteini þetta byggist á:

⁽¹⁾ Má strika út að því er varðar skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

SKÝRSLA UM GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG BÚNAÐ

Þessi skýrsla skal fest tryggilega við alþjóðlegt skirteini fyrir gróðurhindrandi efni og búnað.

Upplýsingar um skip:

Nafn skips:

Einkennisnúmer:

IMO-númer:

Upplýsingar um gróðurhindrandi efni og búnað sem eru notuð

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar:

Sá dagur eða dagar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð:

Heiti fyrirtækisins eða fyrirtækjanna og starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð:

Nafn eða nöfn framleiðanda eða framleiðenda gróðurhindrandi efna og búnaðar:

Heiti og litur eða litir gróðurhindrandi efna og búnaðar:

Virkt eða virk efni og CAS-númer þeirra:

Tegund eða tegundir þéttihúðunar, ef við á:

Heiti og litur eða litir þéttihúðunar sem er notuð, ef við á:

Sá dagur sem þéttihúðun fer fram:

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ að þessi skýrsla er að öllu leyti rétt.

Gefið út:
(Útgáfustaður skirteinis)

.....
(Útgáfudagur) (Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skirteinið út)

Áritun á skýrslurnar ⁽¹⁾

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ að skoðun, sem krafist er í samræmi við [b-lið 1. mgr. 1. reglu 4. viðauka við samninginn og] ⁽²⁾ lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip, leiddi í ljós að skipið uppfyllir kröfur [samningsins og] ⁽²⁾ reglugerðarinnar.

Upplýsingar um gróðurhindrandi efni og búnað sem eru notuð

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar:

Sá dagur eða dagar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð:

Heiti fyrirtækisins eða fyrirtækjanna og starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna þar sem gróðurhindrandi efni og búnaður eru notuð:

Nafn eða nöfn framleiðanda eða framleiðenda gróðurhindrandi efnis og búnaðar:

Heiti og litur eða litir gróðurhindrandi efna og búnaðar:

Virkt eða virk efni og CAS-númer þeirra:

Tegund eða tegundir þéttihúðunar, ef við á:

Heiti og litur eða litir þéttihúðunar sem er notuð, ef við á:

Sá dagur sem þéttihúðun á sér stað:

Undirskrift:

(Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skýrsluna út)

Staður:

Dags.⁽³⁾:

(Innsigli eða stimpill yfirvaldsins)

⁽¹⁾Taka skal afrit af þessari blaðsíðu skýrslunnar og láta hana fylgja með henni ef stjórnvöld telja það nauðsynlegt.

⁽²⁾ Má strika út þegar um er að ræða skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

⁽³⁾ Lokadagur skoðunar sem áritun þessi byggist á.

III. VIÐAUKI

YFIRLÝSING VARBANDI GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG BÚNAÐ Á SKIPUM SEM ERU 24 METRAR Á LENGD EN UNDIR 400 BRÚTTÓTONNUM

Samin samkvæmt

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 782/2003/EB frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Lengd:

Brúttótonnatala:

IMO-númer (ef við á):

Ég lýsi því yfir að gróðurhindrandi efni og búnaður, sem eru notuð á þetta skip, uppfylla ákvæði 4. og 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

.....
(Dags.).....
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Áritun vegna gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notuð

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru notaðar:

.....
(Dags.).....
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru notaðar:

.....
(Dags.).....
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru notaðar:

.....
(Dags.).....
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Súgandafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 9. ágúst 2005 var samþykkt deiliskipulag fyrir 8 lóða frístundahúsabyggð í mynni Selárdals í Súgandafirði.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 7. september 2005.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um framkvæmd hljóðritana og upptöku lögreglu yfirheyrslna.

1. gr.

Heimild lögreglu til upptöku yfirheyrslna.

Rannsóknara er heimilt að taka yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband, myndband eða mynddisk.

2. gr.

Tilvik þar sem upptaka yfirheyrslu er æskileg.

Að jafnaði er æskilegt að taka yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp í eftirgreindum tilvikum:

- a. þegar rannsókuð eru brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, öðrum en 209. og 210. gr.,
- b. þegar rannsókuð eru brot á ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga, öðrum en 217. gr.,
- c. þegar rannsókuð eru brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga,
- d. þegar sá sem yfirheyra skal er barn undir 14 ára aldri eða sérstaklega er ástatt um hann.

3. gr.

Leyfilegur upptökubúnaður.

Ekki er heimilt að nota annan búnað til hljóð- og myndbandsupptöku við yfirheyrslur hjá lögreglu, en þann sem samþykktur hefur verið af ríkislögreglustjóra. Fylgja skal þeim leiðbeiningum sem um búnaðinn gilda.

4. gr.

Skýrslugerð vegna upptöku yfirheyrslu.

Þegar yfirheyrsla er tekin upp skal gera sérstaka skýrslu um framkvæmd upptökunnar. Þar skal koma fram málsnúmer, staðsetning, dagsetning, hvenær yfirheyrsla hófst og hvenær henni lauk, nafn og kennitala þess sem yfirheyrður er og hverjir aðrir voru viðstaddir. Þegar skýrsla er skráð samhliða upptöku, þarf ekki að gera sérstaka skýrslu um upptökuna, heldur nægir að geta þess í upphafi að yfirheyrslan sé jafnframt tekin upp.

5. gr.

Fyrirkomulag við upptöku yfirheyrslu.

Fyrirkomulag upptöku á yfirheyrslu getur verið með eftirfarandi hætti:

- a. Yfirheyrsla er framkvæmd á hefðbundinn hátt, þ.e. skýrsla er rituð samhliða yfirheyrslu en yfirheyrsla að auki tekin upp.
- b. Yfirheyrsla er tekin upp, en skýrsla rituð eftir á og þá sem samantekt byggð á upptökunni.
- c. Yfirheyrsla er tekin upp og orðrétt endurrit unnið eftir á.
- d. Taka skal hverja yfirheyrslu upp í heild sinni, þar á meðal lestur og hvers kyns frásögn.

6. gr.

Upphaf upptöku á yfirheyrslu.

Þegar komið er inn í yfirheyrsluherbergi ber rannsóknara án tafar, en að þeim sem yfirheyra skal ásjáandi, að taka utan af hljóðbandi, myndbandi eða mynddisk og merkja málsnúmeri, dagsetningu, tímasetningu og nafni þess sem yfirheyra skal. Hljóðband, myndband eða mynddiskur er síðan sett í upptökutækið og það stillt á upptöku.

Rannsóknari byrjar á því að tilkynna að yfirheyrslan sé tekin upp, gerir grein fyrir nafni sínu og stöðu, nafni og kennitölu þess sem yfirheyrsla skal og hverjir aðrir séu viðstaddir. Rannsóknari biður síðan hvern þann sem viðstaddur er um að kynna sig. Að því loknu er lesin inn dagsetning, upphafstími yfirheyrslu og hvar hún fer fram. Þá er þeim sem yfirheyrsla skal kynnt þau réttarfarsákvæði sem gilda um yfirheyrsluna, meðal annars heimildir lögreglu til upptöku yfirheyrslna.

Sé annar upptökubúnaður notaður en sem kveðið er á um í 1. mgr. skal framkvæmd hagað þannig að allra öryggisatriða sem þar er getið sé gætt.

7. gr.

Upptöku yfirheyrslu andmælt.

Ef sá sem verið er að yfirheyrsla andmælir upptöku yfirheyrslu, við upphaf hennar, meðan á henni stendur eða í hléi, ber rannsóknara að áréttta heimildir lögreglu til upptöku yfirheyrslna. Skýrt skal koma fram hvort viðkomandi neiti að tjá sig um sakarefnið eða hvort hann andmæli upptöku yfirheyrslu. Rannsóknari metur hvort rétt sé að hætta við upptöku og halda yfirheyrslu áfram á hefðbundinn hátt, en þess skal þá getið í upphafi skýrslu að sá sem yfirheyrsla skal hafi neitað að tjá sig væri yfirheyrslan tekin upp.

8. gr.

Hlé gert á upptöku yfirheyrslu.

Þegar hlé er gert á upptöku ber að geta þess, svo og ástæðu þess og tímasetningu.

Þegar upptaka hefst að nýju byrjar rannsóknari á að lesa inn tímasetningu og gerir þeim sem verið er að yfirheyrsla grein fyrir þeim réttarfarsákvæðum sem gilda um yfirheyrsluna að nýju.

9. gr.

Eftirlit með upptökubúnaði.

Ekki má skilja þann sem verið er að yfirheyrsla einan eftir í eða hjá upptökubúnaði í yfirheyrsluherbergi.

10. gr.

Skipt um hljóðband, myndband eða mynddisk.

Fylgjast skal með þeim tíma sem til ráðstöfunar er á hljóðbandi, myndbandi eða mynddisk. Þegar skammur tími er eftir af upptökubúnaði skal tilkynna þeim sem verið er að yfirheyrsla að hlé verði gert sökum þess.

Fjarlægja skal hljóðband, myndband eða mynddisk og númera í hlaupandi númeraröð aftan við málnúmer. Nýju hljóðbandi, myndbandi eða mynddisk er síðan komið fyrir og yfirheyrsla haldið áfram í samræmi við 2. mgr. 8. gr.

Þegar skipt er um hljóðband, myndband eða mynddisk skal fara eftir reglum um merkingar, sbr. 11. gr.

11. gr.

Merkingar og fjölföldun hljóðbanda, myndbanda eða mynddiska.

Hljóðrita skal á tvö hljóðbönd, myndbönd eða mynddiska. Fyrsta eintakið skal merkt „FRUMRIT“ og er það öryggisupptakan. Hitt eintakið skal merkt „EINTAK“ og er það vinnueintak rannsóknara sem fylgir málinu til ákæranda. Áður en mál er sent ákæranda skal taka afrit af vinnueintaki rannsóknara, merkja það sem „AFRIT“ og fylgir það öðrum afritum málsins.

Ef fjölfalda þarf upptöku er vinnueintak rannsóknara nýtt. Sakborningur, verjandi og réttargæslumaður eiga rétt á afriti af upptöku í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Eintök þeirra skulu merkt „AUKAEINTAK“, númeruð og skráð.

12. gr.

Lok upptöku yfirheyrslu.

Við lok yfirheyrslu skal þeim sem yfirheyrður er kynnt hvernig upptakan verði notuð og reglur um aðgang hans að rannsóknargögnum, þ. á m. upptöku. Að því loknu ber að lesa inn tímasetningu og slökkva á upptökunni.

Rannsóknari biður þann sem hefur verið yfirheyrður og aðra viðstadda að árita öryggisupptöku og eintak rannsókna. Rannsóknari áritar einnig öryggisupptökuna. Öryggisupptakan er síðan sett í umslag að þeim sem hefur verið yfirheyrður og öðrum viðstöddum ásjáandi, merktu nafni yfirheyrða, málnúmeri, dagsetningu og tímasetningu.

Umslagið er innsiglað og áritað líkt og öryggiseintakið. Neiti sá sem hefur verið yfirheyrður eða lögmaður hans, ef hann er viðstaddur, að árita umslagið eða hljóddiskinn, myndbandið eða mynddiskinn skal kalla til stjórnanda eða yfirmann rannsóknar til að undirrita sé þess kostur. Geta skal um þetta í skýrslu um framkvæmd yfirheyrslunnar.

13. gr.

Varsla öryggisupptöku.

Öryggisupptöku skal geyma í eldtrausti og öruggri geymslu. Ekki er heimilt að rjúfa innsigli öryggisupptökunnar, nema að viðstöddum fulltrúa frá embætti ríkissaksóknara.

Ef rjúfa þarf innsigli öryggisupptöku skal setja upptökuna í umslag og innsigla það á ný. Þeir sem eru viðstaddir skulu árita umslagið með sama hætti og áður, sbr. 2. mgr. 12. gr. Rita skal skýrslu þar sem fram kemur ástæða innsiglisrofs, dagsetning, tímasetning, staðsetning og hverjir voru viðstaddir.

14. gr.

Upptaka yfirheyrslna í gegnum síma.

Heimilt er, þegar hagkvæmt þykir, að taka upp yfirheyrslur vitna og sakborninga í gegnum síma.

Auk hefðbundinnar kynningar og upplesturs við upphaf yfirheyrslu þarf sá sem yfirheyrta skal að nefna hvar hann sé staddur og það símanúmer sem talað er úr. Koma þarf fram hvort um yfirheyrslu vitnis eða sakbornings sé að ræða.

Rannsóknari ritar nafn sitt á hljóddisk, myndband eða mynddisk, ásamt öðrum upplýsingum og innsiglar síðan öryggisupptöku.

Um merkingar og fjölföldun upptakna vegna yfirheyrslna í gegnum síma gildir 11. gr.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, sbr. 3. gr. laga nr. 86 9. júní 2004, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2005.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags í landi Bjartheyjarsands, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir sumarhúsaloðir Fornastekks í landi Bjartheyjarsands, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Skipulags- og byggingarnefnd ásamt hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fjallað um og samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundaloða í landi Bjartheyjarsands. Breytingin felst í stækkun svæðisins til norðurs þar sem komið er fyrir 7 nýjum lóðum. Skilmálar gildandi deiliskipulags Fornastekks frá árinu 1992 gilda áfram, nema hvað stærð húss má fara upp í 80 ferm.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og gerir ekki athugasemd.

Hlöðum, 31. ágúst 2005.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps,

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.

REGLUGERÐ

um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Leyfi ríkislögreglustjóra þarf til innflutnings, heildsölu og framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Reglugerð þessi gildir ekki um þá sem leyfi hafa til reksturs almennra tollvöruheymisla, tollfrjálsra forðageymisla eða frísvæða þar sem áfengi er geymt. Um þá starfsemi gilda ákvæði tollalaga.

Um sendiráð og aðra sem úrlendisréttar njóta gilda ákvæði sérlaga, sbr. þó 5. gr.

2. gr.

Skipting leyfa.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skiptast í eftirtalda flokka:

- a. Innflutningsleyfi sem veitir heimild til innflutnings og sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr.
- b. Heildsöluleyfi sem veitir heimild til sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr. og innkaupa í því skyni.
- c. Framleiðsluleyfi sem veitir heimild til framleiðslu áfengis. Leyfið veitir ennfremur rétt til innflutnings á áfengi til framleiðslunnar, svo og til sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Almenn skilyrði leyfisveitingar.

Leyfi til innflutnings, heildsölu og framleiðslu áfengis skal einungis veitt þeim sem:

- a. stundar í atvinnuskyni innflutning og/eða heildsölu enda hafi hann til þess verslunarleyfi,

- b. stundar í atvinnuskyni framleiðslu áfengra drykkja enda hafi hann til þess iðnaðarleyfi,
- c. stundar veitingarekstur í atvinnuskyni og hefur almennt leyfi til áfengisveitinga, sbr. 14. gr. áfengislaga eða
- d. hefur leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar.

Leyfi skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og hefur tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Auk þeirra skilyrða sem um getur í 1. og 2. mgr. verður einstaklingur sem leyfi er veitt að hafa náð 20 ára aldri. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Leyfi skal bundið við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi.

4. gr.

Umsóknir, gildistími leyfis og gjaldtaka.

Umsókn um leyfi skal senda ríkislögreglustjóra og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Leyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó 12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu leyfis og endurnýjun þess, svo og eftirlitsgjald, sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs.

5. gr.

Sala áfengis.

Handhafa leyfis til innflutnings, heildsölu og framleiðslu á áfengi er einungis heimilt að selja eða afhenda áfengi til:

- a. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins;
- b. þeirra sem heimild hafa til framleiðslu áfengis;
- c. þeirra sem heimild hafa til heildsölu áfengis;
- d. veitingastaða, sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 14. gr. áfengislaga, þó einungis það áfengi sem slíkt leyfi kveður á um;
- e. fyrirtækja til iðnaðarnota;
- f. þeirra sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna;
- g. sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi og;
- h. sölu úr landi.

Leyfishafa er óheimilt að afhenda öðrum áfengi til endursölu hafi sá ekki tilskilin leyfi. Skal leyfishafi leita upplýsinga þar um hjá lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi sem veitir upplýsingar um hverjir hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari eða almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 14. gr. áfengislaga.

6. gr.

Varsla og ábyrgð.

Um vörslu og ábyrgð á ótollafgreiddu áfengi, þ.m.t. áfengi sem tollafgreitt hefur verið til útflutnings, gilda ákvæði tollalaga. Rýrnun áfengisbirgða í vörslu leyfishafa er á ábyrgð leyfishafa.

7. gr.

Húsnæði og búnaður.

Húsnæði, sem leyfishafi notar til geymslu og framleiðslu áfengis skal vera nægilega traust til geymslu á öllum algengum varningi og búið þeim öryggis- og/eða eftirlitsbúnaði sem tryggir að óviðkomandi verði ekki veittur aðgangur.

Sá sem leyfi fær til framleiðslu áfengis skal áður en framleiðsla áfengis hefst fullnægja þeim kröfum sem gilda um framleiðslu matvæla, sbr. lög um matvæli, og skal gengið frá framleiðslutækjum og -búnaði, svo sem bruggtækjum, eimingartækjum, leiðslum, átöppunarbúnaði og rennislismælum, þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega rýrnun.

8. gr.

Merkingar.

Leyfishafi skal sjá til þess að umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, um það áfengi sem framleitt er hér á landi, eða flutt er inn, beri með sér að um áfengi sé að ræða. Á umbúðum skal með skýrum hætti greina hvert áfengisinnihald vörunnar er. Þá skulu umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, um áfengi merktar nafni og heimilisfangi framleiðanda eða dreifanda þeirra.

Um merkingar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um matvæli.

9. gr.

Bókhald og skráning viðskipta.

Handhafa innflutnings- og/eða áfengisheildsöluleyfis er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Handhafa framleiðsluleyfis er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.

Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi skal koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsóknna, rýrnunar og skýringar á henni eða annarra atriða.

Leyfishafi skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

Leyfishafi skal veita ríkislögreglustjóra upplýsingar um heildarsölu sína, skipt niður á viðskiptamenn og tímabil, telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um ræðir í 5. gr. skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita ríkislögreglustjóra sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

10. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar.

Leyfishafi skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um framleiðslu og sölu áfengis í því formi sem Hagstofan ákveður.

Skýrsla samkvæmt 1. mgr. skal send 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október og skal taka til viðskipta á undanfarandi ársfjórðungi en í henni skal gerð grein fyrir framleiðslu og sölu áfengis miðað við tegund, magn í lítrum og hlutfall vínanda í því.

11. gr.

Eftirlit.

Lögreglustjóri í því umdæmi þar sem starfsstöð leyfishafa er hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa enda hafi ríkislögreglustjóri ekki ákveðið að sérstakir eftirlitsmenn á hans vegum annist eftirlitið.

Leyfishafa ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds, svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Leyfishafi skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati ríkislögreglustjóra þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði leyfishafa.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýmunar að förgun úrgangsefna og skemmdrar eða gallaðrar óselðrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og -búnað, svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni, m.a. til veitingastaða. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett eftirlitsmönnum nánari starfsfyrirmæli.

Um eftirlit ríkisskattstjóra að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt.

Um almennt eftirlit lögreglu með framleiðslu, sölu og meðferð áfengis í landinu gilda ákvæði áfengislaga.

Um eftirlit tollstjóra með innflutningi áfengis gilda ákvæði tollalaga.

12. gr.

Brottfall leyfis og leyfissvipting.

Hafi leyfisgjald ekki verið greitt til innheimtumanns ríkissjóðs innan 30 daga frá gjald-
daga fellur leyfið úr gildi.

Nú missir leyfishafi skilyrði til að fá útgefið leyfi samkvæmt 3. gr. og fellur þá leyfið úr gildi. Leyfishafi skal innan 30 daga frá því leyfi þau, sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr., falla úr gildi senda ríkislögreglustjóra staðfestingu á að slíkt leyfi hafi verið endurnýjað.

Verði leyfishafi uppvís að broti gegn ákvæðum áfengislaga, laga um gjald af áfengi, reglugerð þessari eða skilyrðum leyfis, sbr. þó 1. mgr., skal svipta hann leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef brot er margítrekað eða stórfellt.

Nú hefur leyfi fallið úr gildi eða leyfishafi verið sviptur leyfi og skal honum þá heimilt að selja það áfengi sem framleitt hefur verið eða flutt inn og tollafgreitt áður en leyfið féll úr gildi eða leyfissvipting tók gildi.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 5. gr. áfengislaga nr. 75 15. júní 1998, sbr. 1. gr. laga nr. 40 13. maí 2005, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 176 frá 17. mars 1999 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2005.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.

REGLUGERÐ

um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alþjóðaverslun með tegundir úr hafi sem heyra undir samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, sem gerður var í Washington 3. mars 1973 (CITES). Markmið samningsins, þessarar reglugerðar og reglugerðar nr. 993/2004 er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær.

2. gr.

Stjórnvöld.

Sjávarútvegsráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Fiskistofa veitir leyfi, annast eftirlit og aðra framkvæmd reglugerðarinnar. Hafrannsóknastofnunin er umsagnaradili og vísindalegt stjórnvald varðandi tegundir úr hafi.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varðar aðrar lífverur en tegundir í hafi.

Tollyfirvöld annast skoðun á eintökum og gögnum sem þeim fylgja við inn- og útflutning, skv. reglugerð þessari.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari er sem hér segir:

Samningurinn: Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum á honum sem gerðar voru í Bonn 22. júní 1979 og viðaukum við hann, ásamt þeim fyrirvörum sem Ísland hefur gert við samninginn.

Endurútflutningur: Útflutningur á sérhverju eintaki sem áður hefur verið flutt inn.

Aðflutningur úr sjó: Innflutningur á eintaki af sérhverri tegund sem tekin hefur verið úr sjó utan lögsögu ríkja.

Persónubundnar eigur eða heimilismunir: Eintök, hlutar og afurðir af þeim tegundum samningsins sem eru í eigu einstaklings sem eru eða er ætlað að vera hluti af venjulegum munum hans og eigu sbr. eftirfarandi;

- a. er eign eða borið af einstaklingi án viðskiptalegs tilgangs;
- b. aflað hefur verið á löglegan hátt;
- c. er þegar innflutningur, útflutningur eða endurútflutningur á sér stað;
 - i. borið á eða af viðkomandi einstaklingi eða er í farangri hans;
 - ii. hluti af búslóð viðkomandi einstaklings.

Tegund: Tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði hennar.

Tegund samningsins: Tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði tegundar sem tilgreind er í I.-III. viðauka samningsins.

Eintak: Sérhvert dýr eða planta, hvort sem er lifandi eða dauð og hlutar eða afurðir þeirra;

- i. Fyrir dýrategundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti dýrsins, afleiða hans eða afurð. Fyrir dýrategundir sem tilgreindar eru í III. við-

auka; sérhver auðþekktanlegur hluti dýrsins sem tilgreindur er í III. viðauka, afleiða hans eða afurð; og

- ii. Fyrir plöntutegundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka; sérhver auðþekktanlegur hluti plöntunnar, afleiða hans eða afurð. Fyrir plöntutegundir sem tilgreindar eru í III. viðauka; sérhver auðþekktanlegur hluti plöntunnar sem tilgreindur er í III. viðauka, afleiða hans eða afurð.

Leyfisveitandi: Fiskistofa.

Viðskipti: Innflutningur, útflutningur, endurútflutningur og aðflutningur úr sjó á tegundum sem eru í I.-III. viðauka samningsins.

Umsagnaraðili: Hafrannsóknastofnunin.

Vísindalegt stjórnvald: Vísindastofnun sem tilgreind hefur verið til skrifstofu samningsins sbr. 9. gr. hans og er bær til þess að veita umsögn um innflutnings-, útflutnings- og endurútflutningsleyfi, vottorð vegna aðflutnings úr sjó, og vísindalega ráðgjöf varðandi greiningu eintaks, verndarstöðu þess, aðstæður fyrir lifandi eintak á ákvörðunarstað og önnur atriði sem verslun með eintakið getur haft áhrif á. Þær íslensku stofnanir sem tilkynntar hafa verið til skrifstofu samningsins í þessu skyni eru Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnunin.

4. gr.

Leyfi og vottorð.

Innflutningur, útflutningur, endurútflutningur og aðflutningur úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem reglugerð þessi nær til, sbr. I.-III. viðauka, er háður leyfi eða vottorði eftir því sem nánar greinir í köflum II-IV. Inn- eða útflytjandi skal leggja fram með umsökn um inn- eða útflutningsleyfi upplýsingar, sbr. fylgiskjal B.

Innflutnings-, útflutnings- og endurútflutningsleyfi og vottorð um aðflutning úr sjó skulu gefin út í samræmi við reglur samningsins. Leyfi og vottorð samkvæmt reglugerð þessari skulu bera heiti samningsins, nafn og stimpil leyfisveitanda og sérstakt eftirlitsnúmer auk þess sem þau skulu innihalda upplýsingar, sbr. fylgiskjal B. Leyfi til innflutnings, útflutnings og endurútflutnings gildir í sex mánuði frá útgáfudegi, en vottorð um aðflutning úr sjó gilda í eitt ár frá útgáfudegi.

Hvert afrit leyfis eða vottorðs skal vera greinilega merkt sem afrit og ekkert slíkt afrit má nota í stað frumrits, nema að því marki sem staðfest áritun á því segir til um.

Sérstakt leyfi eða vottorð þarf fyrir hverja sendingu eintaka, nema í þeim tilfellum sem falla undir 13. gr.

Leyfisveitandi skal ógilda og varðveita frumrit útflutningsleyfis eða endurútflutningsleyfis og samsvarandi innflutningsleyfi sem framvísað er vegna innflutnings.

Þar sem við á og mögulegt er leyfisveitanda heimilt að festa merki á sérhvert eintak til auðkenningar. Merkið skal vera óafmáanlegt s.s. blýinnsigli og örmerki og hannað þannig að það fyrirbyggji að svo miklu leyti sem unnt er að óviðkomandi aðilar geti gert eftirlíkingu af því.

Ávallt skal setja leyfi og vottorði þau skilyrði að lifandi einstaklingar sem fluttir eru eða eru í geymslu meðan á milliflutningi eða umfermingu stendur, skuli undirbúa, flytja og annast á þann hátt að sem minnst hættu sé á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð sbr. reglur alþjóða flugmálasamtakanna IATA, um flutning á lifandi dýrum (Life animals regulation).

Tekið skal gjald fyrir útgáfu leyfa á grundvelli þessarar reglugerðar í samræmi við gjaldskrá sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda og skal gjaldið miðast við þann kostnað sem hlýst af meðferð, afgreiðslu og útgáfu leyfis.

5. gr.

Fyrirvarar.

Fara skal með verslun með tegundir sem skráðar eru í I. viðauka og Ísland hefur gert fyrirvara við, sbr. 23. gr. samningsins eða mótmælt sbr. 15. gr. samningsins, sbr. fylgiskjal A, eins og tegund sé skráð í II. viðauka.

Fara skal með verslun með tegundir sem skráðar eru í II. eða III. viðauka og Ísland hefur gert fyrirvara við sbr. 23. gr. samningsins eða mótmælt sbr. 15. gr. samningsins, sbr. fylgiskjal A, eins og viðkomandi tegund sé ekki skráð í viðauka samningsins.

II. KAFLI

Innflutningur.

6. gr.

Innflutningsleyfi.

Ávallt skal sækja um innflutningsleyfi fyrir eintök af tegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka samningsins áður en til innflutnings kemur.

7. gr.

I. viðauki.

Leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka skal aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Sótt hafi verið um útflutningsleyfi eða endurútflutningsleyfi í útflutningslandinu.
2. Fyrir liggi umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu, fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi aðbúnað til þess að hýsa viðkomandi tegund og ekki séu aðrar ástæður varðandi verndun tegundarinnar sem mæla gegn útgáfu innflutningsleyfisins.
3. Ekkert bendi til þess að nota eigi eintakið fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

8. gr.

II. viðauki.

Innflutningur á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er útflutningsleyfi eða endurútflutningsvottorði.

9. gr.

III. viðauki.

Innflutningur á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í III. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er upprunavottorði. Innflutningur frá ríki sem hefur tilgreint viðkomandi tegund í III. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er útflutningsleyfi. Þegar um endurútflutning er að ræða er innflutningur heimill gegn framvísun vottorðs frá endurútflutningslandinu um að eintakið hafi verið skráð þar í landi eða sé endurútflutt. Slíkt vottorð gildir sem viðurkenning þess að ákvæðum samningsins hafi verið fylgt varðandi viðkomandi eintak.

III. KAFLI

Útflutningur og endurútflutningur.

10. gr.

I. viðauki.

Leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við skal því aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Veitt hafi verið innflutningsleyfi í innflutningslandi.

2. Fyrir liggja umsögn viðeigandi vísindalegs stjórnvalds um að útflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu.
3. Eintaksins hafi verið aflað samkvæmt gildandi reglum um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
4. Gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð; og
5. Ekki sé um aðra þætti að ræða sem varða verndun tegundarinnar sem mæla gegn útgáfu útflutningsleyfisins.

11. gr.

II. viðauki.

Leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við skal því aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Sótt hafi verið um innflutningsleyfi í innflutningslandi, ef útflutningurinn er til lands sem gerir slíka kröfu í samræmi við 14. gr. samningsins.
2. Fyrir liggja umsögn viðeigandi vísindalegs stjórnvalds um að útflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu.
3. Leyfisveitandi hafi fullvissað sig, í samráði við umsagnaraðila eftir því sem við á, að eintakið hafi ekki verið tekið í blóra við lög um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
4. Gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

Fiskistofa skal reglulega senda umsagnaraðila og vísindalegu stjórnvaldi upplýsingar um útgefinn útflutningsleyfi vegna eintaka af tegund í II. viðauka. Tolleyfirvöld skulu jafnframt senda Fiskistofu og umsagnaraðilum reglulega upplýsingar um útflutning slíkra eintaka. Telji vísindalegt stjórnvald að takmarka beri útflutning á eintökum ákveðinnar tegundar til þess að viðhalda tegundinni á útbreiðslusvæði hennar, í samræmi við hlutverk hennar í þeim vistkerfum sem hún tilheyrir, og vel yfir þeim mörkum þar sem komið gæti til álita að fella hana undir I. viðauka, skal vísindalega stjórnvaldið vinna tillögur og tilmæli til Fiskistofu varðandi aðgerðir til þess að takmarka veitingu leyfa til útflutnings á eintökum af þeirri tegund.

Leyfi til endurútflutnings má aðeins gefa út hafi eintakið verið flutt inn til landsins í samræmi við ákvæði samningsins og gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

12. gr.

III. viðauki.

Fyrir eintök þeirra tegunda sem Ísland hefur tilgreint í III. viðauka samningsins skal sækja um útflutningsleyfi. Leyfið má aðeins gefa út þegar fullnægt hefur verið eftirfarandi skilyrðum:

1. Eintakið hafi verið tekið í samræmi við gildandi reglur um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
2. Gögn liggja fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

Þegar um endurútflutning er að ræða skal vottorð, sem umsjónarstjórnvald upprunals eða endurútflutningslandsins gefur um að eintakið hafi verið skráð í því landi eða sé endurflutt, viðurkennt af innflutningslandinu sem sönnun þess að ákvæðum þessa samnings hafi verið fylgt með tilliti til þess eintaks sem í hlut á.

IV. KAFLI Aðflutningur úr sjó.

13. gr.

Vottorð.

Heimilt er að veita vottorð um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjöldi eintaka eða magn tegundar sem gildir í allt að eitt ár.

14. gr.

I. viðauki.

Vottorð um aðflutning úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við má aðeins gefa út hafi eftirfarandi skilyrðum um innflutning verið fullnægt:

1. Fyrir liggja umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna tegundinni sem í hlut á í útrýmingarhættu.
2. Fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi útbúnað til þess að hýsa og sjá um það.
3. Ekki standi til að nota eintakið fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

15. gr.

II. viðauki.

Vottorð um aðflutning úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, má aðeins gefa út eftir að fyrir liggur umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna tegundinni sem við á í útrýmingarhættu. Jafnframt skal setja aðflutningi þau skilyrði að sérhvert lifandi eintak verið meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

V. KAFLI Undantekningar.

16. gr.

Persónubundnir munir.

Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um dauð eintök, hluta og afurðir tegunda, sem taldar eru í I. og II. viðauka, sem teljast persónubundar eigur eða heimilismunir sem aflað hefur verið í því landi sem eigandinn hefur búsetu og fluttir eru inn, út eða endurútfluttir. Undanþága þessi á þó ekki við:

1. Í þeim tilvikum þegar eintaka tegundar sem tilgreind er í I. viðauka var aflað af eiganum utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og þau eru flutt inn til þess lands; eða
2. Þegar um er að ræða eintök af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka:
 - a. eigandinn hefur aflað þeirra utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og í landi þar sem brottflutningur úr náttúrulegu umhverfi átti sér stað;
 - b. þau eru flutt inn til þess lands sem eigandinn hefur venjulega búsetu í; og
 - c. landið þar sem brottflutningur úr náttúrulegu umhverfi átti sér stað krefst þess að útflutningsleyfi séu gefin út áður en útflutningur slíkra eintaka fer fram.

Ekki þarf innflutnings-, útflutnings- eða endurútflutningsleyfi fyrir dauð eintök, hluta eða afurðir neðangreindra tegunda sem teljast persónulegar eigur eða heimilismunir, ef um er að ræða eftirfarandi eintök:

1. styrjukavíar (tegundir af ættbálki Acipenseriformes), að hámarki 250 grömm á mann;
2. hristur (rainsticks) úr afurðum af ætt Cactaceae, að hámarki þrjár á mann;

3. krókkóðílar, að hámarki fjögur eintök á mann;
4. skeljar af tegundinni Queen conch (*Strombus gigas*), að hámarki þrjú eintök á mann.

17. gr.

Undanþágur.

Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um flutning eða umskipun eintaka í eða gegnum lög-sögu Íslands á meðan eintökin eru í vörslu tollyfirvalda.

Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um eintök sem aflað hefur verið áður en ákvæði samn-ingsins tóku gildi hvað varðar viðkomandi tegund eða eintak.

Fara skal með eintök dýrategunda, sem tilgreindar eru í I. viðauka og alin í vörslu manna í viðskiptaskyni og eintök plöntutegunda sem tilgreindar eru í I. viðauka og hefur verið fjölgað á tæknilegan hátt, samkvæmt ákvæðum þeim sem við eiga um einstaklinga tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka.

Leyfa, sem fjallað er um í II.-IV. kafla, skal ekki krafist þegar um er að ræða lán sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, gjafir og skipti milli vísindamanna og viðurkenndra vísinda-stofnana sem skráðar hafa verið á lista samningsins yfir vísindamenn og vísindastofnanir, plöntueintök í grasasöfnum og önnur varðveitt, þurrkuð eða uppsett safneintök og lifandi efni plantna sem bera merki sem gefið er út eða viðurkennt af leyfisveitanda.

Leyfisveitandi getur heimilað flutning eintaka sem um getur í 2. og 4. mgr. þessarar greinar og eru hluti af ferðadýragarði, fjölleikahúsi, dýra- eða plöntusýningu eða annarri far-andsýningu án leyfa eða vottorða gegn því að viðkomandi útflytjandi eða innflytjandi skrái allar upplýsingar um eintökin hjá leyfisveitanda og sérhvert lifandi eintak verði flutt og með-höndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Tollstöðvar.

Innflutningur og útflutningur á lifandi dýrum og plöntum hér á landi skal fara í gegnum tollstöðina á Keflavíkurflugvelli eða um eftirfarandi hafnir: Reykjavíkurhöfn, Keflavíkur-höfn, Hafnarfjarðarhöfn, Akureyrarhöfn eða Seyðisfjarðarhöfn.

Sérhverju eintaki tegundar sem tilgreind er í viðaukum samningsins skal fylgja vott-orð/leyfi. Við innflutning eintaks skulu tollverðir halda eftir frumriti vottorðs/leyfis og koma því til Fiskistofu. Þegar eintök eru flutt út skal varan tollskoðuð og kvittað á vottorð/leyfi.

Allar tollstöðvar sem settar eru á stofn skv. 1. mgr. skulu hafa yfir að ráða nægilega fjölmennu og hæfu starfslíði. Tryggja skal að fyrir hendi sé aðstaða sem samræmist lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, lögum um dýravernd og reglugerð þessari hvað varðar flutning og aðstöðu lifandi dýra og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar fyrir lifandi plöntur, þar sem þörf krefur.

Tryggja skal að almenningi séu kynnt framkvæmdaákvæði reglugerðar þessarar á toll-stöðvum.

19. gr.

Þvingunarúrræði.

Leyfisveitanda er heimilt að gera upptæk til ríkissjóðs eintök dýra eða plantna og afurða þeirra sem hafa verið flutt eða reynt hefur verið að flytja ólöglega inn eða á annan hátt verið farið með andstætt ákvæðum reglugerðar þessarar, án tillits til þess hver er eigandi þeirra eða til eignarhafta sem á þeim hvíla. Leita skal aðstoðar lögreglu eftir því sem þörf er á við framkvæmd þessa ákvæðis.

Lifandi eintök sem gerð eru upptæk skulu endursend til upprunastaðar eða komið fyrir í viðurkenndum almenningdýragarði, og ber eigandi þeirra kostnaðinn.

20. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og verður honum þá gerð fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Einnig er lögaðili ábyrgur fyrir greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda sé brot framið í starfi hans hjá lögaðilanum.

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. september 2005.

Árni M. Mathiesen.

Vilhjálmur Egilsson.

CITES viðaukarnir eru hér prentaðir í heild. Tegundir sem falla undir þessa reglugerð eru merktar með undirstrikun, aðrar tegundir í viðaukunum skal fara með samkvæmt reglugerð umhverfisráðuneytis nr. 993/2004.

VIÐAUKAR I, II og III
Skýringar.

1. Til tegunda sem tilgreindar eru í þessum viðaukum er vísað sem hér segir:
 - a) með heiti viðkomandi tegundar; eða
 - b) sem allra þeirra tegunda sem tilheyra stærri flokkunareiningu eða tilgreindum hluta hennar.
2. Skammstöfunin „ssp.“ tákna allar tegundir í flokkunareiningu sem er ofar tegund.
3. Tilvitnanir í flokkunareiningar ofar tegund eru einungis til fróðleiks og veita upplýsingar um stöðu viðkomandi lífveru eða lífvera í flokkunarkerfinu. Almenn heiti tilgreind á eftir vísindalegu heiti tegunda eru eingöngu til upplýsingar.
4. Eftirfarandi skammstafanir eru hafðar um þær flokkunareiningar plantna sem eru smærri en tegund:
 - a) „ssp.“ tákna undirtegund og
 - b) „var(s).“ tákna afbrigði.
5. Þar sem engar þeirra tegunda eða stærri flokkunareininga í plönturíkinu í I. viðauka eru merktar þannig að farið skuli með blendinga þeirra samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins þýðir það að versla má með blendinga einnar eða fleiri þessara tegunda eða stærri flokkunareininga sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður ef vottorð liggur fyrir um að um fjölgun við tilbúnar aðstæður sé að ræða, og að fræ þessara blendinga og frjókorn (þar á meðal frjókekkir), afskorin blóm, unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, og flutt eru í dauðhreinsuðum ílátum heyra ekki undir ákvæði samningsins.
6. Land sem tilgreint er í III. viðauka á eftir tegundarheiti á við það land sem tilnefndi viðkomandi tegund í viðaukann.
7. Í samræmi við iii-lið b-liðar 1. gr. samningsins merkir táknið (#) sem stendur ásamt tölu við heiti tegundar eða stærri flokkunareiningar sem tilgreind er í II. viðauka hluta lífveru eða afurðir hennar sem tilgreindar eru í tengslum við umrædda tegund að því er samninginn varðar sem hér segir:
 - #1 Tákna alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ, gró og frjókorn (þar á meðal frjókekki);
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum; og
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður.
 - #2 Tákna alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ og frjókorn;
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
 - d) efnaafleiður og lyf.
 - #3 Tákna heilar eða sneiddar rætur og rótarhluta nema framleiðslu eða afurðir á borð við duft, töflur, seyði, heilsudrykki, te og sælgæti.
 - #4 Tákna alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
 - a) fræ, nema fræ mexíkóskra kaktusa sem upprunnir eru í Mexíkó, og frjókorn;
 - b) unglöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
 - c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður;

- d) ávexti og hluta þeirra og afurðir af þeim sem eru af náttúrulegum plöntum eða plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
- e) aðskilda stöngulliði (þófa) og plöntuhluta og afurðir af þeim sem eru af náttúrulegum plöntum eða plöntum af ættkvíslinni *Opuntia* og undirættkvíslinni *Opuntia* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður.
- #5 Táknar trjáboli, sagaðan við og viðarspón.
- #6 Táknar trjáboli, sagaðan við, viðarspón og krossvið.
- #7 Táknar trjáboli, viðarspæni og óunnið kurlað efni.
- #8 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
- fræ og frjókorn (þar á meðal frjókekki);
 - ungplöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro*), í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ilátum;
 - afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
 - ávexti og hluta þeirra og afurðir af þeim sem eru af plöntum af ættkvíslinni *Vanilla* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður
- #9 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema þá sem eru merktir „Framleitt úr efni úr Hoodia spp sem fengið er úr skipulagðri ræktun og framleiðslu sem stjórnað er í samvinnu við CITES stjórnvöld í Botswana/Namibíu/Suður Afríku samkvæmt samningi no BW/NA/ZA xxxxx“ og
- #10 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
- fræ og frjókorn.
 - fullunninn lyf.

VIÐAUKAR

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
F A N A (ANIMALS) P H Y L U M S E I L D Ý R C L A S S G - (SPENDÝR)		
Nefdýr - MONOTREMATA		
Mjónafir - Tachyglossidae Echidnas, spiny anteaters	<i>Zaglossus spp.</i>	
DASYUROMORPHIA		
Pokamarðarætt - Dasyuridae Dunnarts		
<i>Sminthopsis longicaudata</i> <i>Sminthopsis psammophila</i>		
Pokaúlfaætt - Thylacinidae Tasmanian wolf, thylacine		
<i>Thylacinus cynocephalus</i> (Hugsanlega útdauð)		
PERAMELEMORPHIA		
Pokagreifingjaætt - Peramelidae Bandicoots		
<i>Chaeropus ecaudatus</i> (Hugsanlega útdauð)		
<i>Macrotis lagotis</i> <i>Macrotis leucura</i> <i>Perameles bougainville</i>		
DIPROTODONTIA		
Kjúkudýr - Phalangeridae Cuscuses		
	<i>Phalanger orientalis</i> <i>Spilocuscus maculatus</i>	
Vambaætt - Vombatidae Northern hairy-nosed wombat		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
<i>Lasiornis krefftii</i>		
Kengúruætt - Macropodidae Kangaroos, wallabies		
<i>Lagorchestes hirsutus</i> <i>Lagostrophus fasciatus</i> <i>Onychogalea fraenata</i> <i>Onychogalea lunata</i>	<i>Dendrolagus inustus</i> <i>Dendrolagus ursinus</i>	
Potoroidae Rat-kangaroos		
<i>Bettongia</i> spp. <i>Caloprymnus campestris</i> (Hugsanlega útdauð)		
SCANDENTIA		
Tupaiidae Tree shrews	Tupaïidae spp.	
LEÐURBLÖKUR - CHIROPTERA		
Phyllostomidae Broad-nosed bat		
Fluguhundaætt - Pteropodidae Fruit bats, flying foxes		<i>Platyrrhinus lineatus</i> (Uruguay)
<i>Acerodon jubatus</i> <i>Acerodon lucifer</i> (Hugsanlega útdauð)	<i>Acerodon</i> spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
<i>Pteropus insularis</i> <i>Pteropus mariannus</i> <i>Pteropus molossinus</i> <i>Pteropus phaeocephalus</i> <i>Pteropus pilosus</i> <i>Pteropus samoensis</i> <i>Pteropus tonganus</i>	<i>Pteropus</i> spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
PRIMATAR - PRIMATES Apes, monkeys	PRIMATES spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Lemúraætt - Lemuridae Large lemurs		
Lemuridae spp.		
Megaladapidae Sportive lemurs		
Megaladapidae spp. (Hugsanlega útdauð)		
Múselmúraætt - Cheirogaleidae Dwarf lemurs		
Cheirogaleidae spp.		
Indraætt - Indridae Avahi, indris, sífakas, woolly lemurs		
Indridae spp.		
Nagapaætt - Daubentoniidae Aye-aye		
<i>Daubentonia madagascariensis</i>		
Silkiapaætt - Callitrichidae Marmosets, tamarins		
<i>Callimico goeldii</i> <i>Callithrix aurita</i> <i>Callithrix flaviceps</i> <i>Leontopithecus</i> spp. <i>Saguinus bicolor</i> <i>Saguinus geoffroyi</i> <i>Saguinus leucopus</i> <i>Saguinus oedipus</i>		
Griprófuapar - Cebidae New World monkeys		
<i>Alouatta coibensis</i> <i>Alouatta palliata</i> <i>Alouatta pigra</i> <i>Ateles geoffroyi frontatus</i>		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
<i>Ateles geoffroyi panamensis</i> <i>Brachyteles arachnoides</i> <i>Cacajao</i> spp. <i>Chiropotes albinasus</i> <i>Lagothrix flavicauda</i> <i>Saimiri oerstedii</i>		
Stökkapar - Cercopithecidae Old World monkeys		
<i>Cercocebus galeritus galeritus</i> <i>Cercopithecus diana</i> <i>Macaca silenus</i> <i>Mandrillus leucophaeus</i> <i>Mandrillus sphinx</i>		
<i>Nasalis concolor</i> <i>Nasalis larvatus</i> <i>Presbytis potenziani</i> <i>Procolobus pennantii kirkii</i> <i>Procolobus rufomitratu</i> <i>Pygathrix</i> spp. <i>Semnopithecus entellus</i> <i>Trachypithecus geei</i> <i>Trachypithecus pileatus</i>		
Gibbonapar - Hylobatidae Gibbons		
Hylobatidae spp.		
Mannaætt - Hominidae Chimpanzees, gorilla, orangutan		
<i>Gorilla gorilla</i> <i>Pan</i> spp. <i>Pongo pygmaeus</i>		
TANNLEYSINGJAR - XENARTHRA		
